

Fundur 28.01.2021

Fundur settur 20:00 í fjarfundarbúnaði

Fundinn sátu: Katla Gunnarsdóttir, Lilja Gréta Kr. Norðdahl., Ingibjörg Jónasdóttir, Þórunn Unnur Birgisdóttir og Birgitta Rán Ásgeirsdóttir.

Rætt var um atvik sem átti sér stað í Sandvík, þriðjudaginn 19.janúar þar sem maður stoppaði bíl sinn fyrir framan strætóskýlið um morguninn og bauð börnum (á yngsta- og miðstigi) sem biðu þar eftir skólarúttunni að setjast inn í bílinn. Foreldrafélagið ætlar að senda erindi til Borgarbyggðar um bætt öryggi og lýsingu á þeim stöðum sem skólarútan stoppar.

Foreldrafélagið ætlar að leggja til 200.000 kr.- til skólans. Sú upphæð á nýtast nemendum í leik og starfi og munu skólastjórnendur, starfmenn og nemendur ákveða það í sameiningu hvernig best sé að nýta þessa upphæð.

Rætt var um mötuneyti skólans. Send verður fyrirspurn til Júlíu skólastjóra til að fylgja eftir tölvupósti sem sendur var til foreldra þann 16.október 2020.

IJ ritaði fundargerð.